

Stjórnarfundur FNS

Fundargerð

Föstudaginn 3. nóvember, kl. 12:00, Framvegis, Skeifunni 11

Mættar: Helga Tryggvadóttir, Helga Lind Hjartardóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Hildur Katrín Rafnsdóttir, Svanhildur Svavarsdóttir og Margrét Arnardóttir.

1. PR mál. Upplýsinga- og kynningarnefnd.
 - a. Næstu skref?
 - i. fns.is. Allt efnið sett á heimasíðuna og þar geta félagsmenn nálgast efnið. Einar hjá Emstrum er hættur að sjá um heimasíðuna en hann sá um að setja síðuna upp á sínum tíma. Systa er í sambandi við hann um að laga síðuna. Hann ætlar að skipta um nýjan haus á heimasíðunni. Hann benti okkur á að hafa samband við TACTICA. Við greiðum þeim mánaðarlega og getum því farið fram á að þeir lagi heimasíðuna fyrir okkur. Tactica er tilbúin til að færa allt efnið yfir á betri síðu, þannig að við getum gert þetta sjálf, gegn greiðslu. Bjarney er tilbúin til að vera okkur innan handar með nýja síðu.
 - ii. Upplýsinga- og kynningarnefnd þarf að setja saman handbók um hvernig nýta megi marktækin. Bjarney kom með hugmynd af birtingu efnisins. Það þarf að semja grunntexta til að senda á stjórnendur og stofnanir. Markmiðið með kynningum þarf að koma fram og hver markhópurinn er. Dreifingin á myndböndunum verða að vera markviss.
 - iii. Keypt voru gjafakort í Kringlunni fyrir þá sem tóku þátt í myndböndunum okkar. Tengiliðirnir voru beðnir um að koma gjafakortunum í réttar hendur.
 - b. Fengum 150.000 kr. Í styrk frá Evrópumíðstöðinni fyrir nýju markaðsefni. Logo Euroguidance verður því sett á eitthvað af kynningarefni.
2. SEF styrkur, fengum eftirtalda styrki:
 - a. Styrkur fyrir gestafyrirlesara, 80.000 kr. Nýttur fyrir dag náms- og starfsráðgjafa.
 - b. Styrk fyrir ráðstefnuferð fyrir stjórnarmeðlim og starfsmann í framhaldsskóla kr. 250.000. Þessi styrkur er eyrnamerkur Svanhildi.
3. Stefnumótunarmál, starfshópurinn sendi spurningar á alla stjórnmalaflokka. Tökum málið upp aftur þegar kemur í ljós hverjir sitja í ráðuneytunum.
4. Dagur náms- og starfsráðgjafa. Hjólin voru mjög ánægð með daginn og við líka. Ingibjörg er búin að senda þakklæti til fræðslunefndar sem stóð mjög vel að undirbúningi dagana.
 - a. Fjárhagslega komum við vel út. Huga þarf að fyrir næstu ráðstefnu að rukka gesti fyrirfram þar sem það er tímafrekt að rukka á staðnum. Félagsmenn sýni kvittun og fá afhent gögn við innganginn.
5. NFSY - Styrkur til KÍ tilbúinn en það vantar félagatalið. Helga Lind sendir Ingibjörgu félagatalið. 298 félagsmenn eru með leyfisbréf. Þeir sem eru á heimasíðunni eru með leyfisbréf. Nýir félagsmenn þurfa að vera með leyfisbréf til að fá aðgang í félagið.
6. Önnur mál
 - a. Ráðstefna í Gautaborg 2018 – ekkert að fréttu

- b. Fyrirspurn frá Björgu Birgisdóttur Styrkur á vegum velferðarráðuneytisins. Björg ásamt öðrum vilja þýða Watch bókina og spyr hvort FNS geti sótt um þennan styrk. Ákvörðun stjórnar er að hafna beiðninni og sækja um styrkinn fyrir félagið <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/10/20/Velferdarraduneytid-auglysir-styrki-til-felagasamtaka-vegna-verkefna-a-svidi-felagsmala/>
- c. Þátttaka FNS á sérfræðingafundi um færnisþá á vinnumarkaði. Í framhaldi ráðstefnunnar Menntun og færni á vinnumarkaði þann 9. nóvember var óskað eftir þátttöku formanns á sérfræðingafund sem haldinn var sama dag.

Ekki var boðað til næsta fundar

Fundi slitið kl. 13:20, boðið var upp á léttar veitingar á fundinum

Fundarritari

Svanhildur Svavarsdóttir